



13. stjórnarfundur LH  
9. júní 2021 kl. 15:00  
Fjarfundur

**Mætt:** Guðni Halldórsson, Sóley Margeirsdóttir, Siguroddur Pétursson, Gréta V. Guðmundsdóttir, Stefán Logi Haraldsson og Hákon Hákonarson úr aðalstjórn og Aníta Aradóttir og Lilja Björk Reynisdóttir úr varastjórn.

**Fjarverandi:** Eggert Hjartarson úr aðalstjórn, Einar Gíslason, Ómar Ingi Ómarsson og Ingimar Baldvinsson úr varastjórn.

**Fundargerð ritar:** Berglind Karlsdóttir

**Einnig mætt:** Hjörný Snorradóttir

*Formaður setur fund og stýrir fundi.*

1. Samþykkt fundargerðar 12. fundar
2. Árshlutareikningur LH janúar til apríl 2021  
Farið yfir stöðu reikninga LH fyrstu fjóra mánuði ársins.

*Hákon kemur inn á fund.*

3. Þolreið LH 2021 – beiðni um styrk  
Í lok ágúst stendur til að halda Þolreið LH í fyrsta sinn. Fimm lið taka þátt sem samanstanda af einum knapa og tveimur aðstoðarmönnum, þar af munu tveir þekktir erlendir þolreiðarknappar taka þátt. Reiðin tekur fjóra daga og riðnir verða 254 km. í heild, frá Lýtingsstöðum í Skagafirði, um Kjöl og endað á Skógarhólum. Lagt er til að LH veiti 1.000.000 kr. í verkefnið.  
*Afgreiðsla: Samþykkt að veita kr. 1.000.000 í verkefnið með þeim fyrirvara að fjármögnun takist.*
4. Uppfærður samgöngusáttmáli  
Orðalagi í samgöngusáttmálanum hefur verið breytt til að koma til móts við athugasemdir Landssambands hjólréiðamanna. Liður 4 var: „4. fer ekki viljandi inn á sérmerkta göngu-, skíða og hjólastíga og gætir sérstakrar varúðar á sameiginlegum stígum og vegum“ en verður: „4. fer ekki viljandi inn á skipulagða reiðstíga og gætir fyllstu varúðar á sameiginlegum stígum og vegum“ í stað og umferðarskiltin eru tekin út.  
*Afgreiðsla: Samþykkt.*
5. Spurningalisti til hestamannafélaga um styrki sveitarfélaga  
Tilgangurinn með þessari upplýsingaöflun er að kanna hvernig staðan er hjá hverju hestamannafélagi gagnvart sínu sveitarfélagi. Í kjölfarið geta hestamannafélögin borið sig saman við hvert annað og nýtt upplýsingarnar sem verkfæri til að leita stuðnings hjá sínu sveitarfélagi.  
*Afgreiðsla: Samþykkt að senda spurningalistann út sem fyrst og ganga á eftir svörum.*



6. Atvikaskráning – tilkynningar um atvik sem koma upp á mótum  
Á fundi dómaranefndar LH lýsti formaður HÍDÍ yfir ráðaleysi félagsins gagnvart málum sem koma ítrekað upp á mótum þar sem kvartað er óformlega yfir sömu aðilunum án þess að skriflegar kvartanir berist eða kærur. Þetta eru hegðunar- og samskiptavandamál, bæði dómara gagnvart starfsfólki og keppenda eða foreldra gagnvart dómurum og starfsfólki. HÍDÍ fór á fund samskiptafulltrúa ÍSÍ til að leita ráða og er niðurstaðan sú að ef atvik er ekki skrifað á blað er ekkert hægt að gera. Um leið og tilkynningarnar eru orðnar skriflegar er auðveldara að taka á þessum málum, kalla viðkomandi á fund o.s.frv.  
*Afgreiðsla: Samþykkt að setja tilkynningahnapp á síðu LH þar sem fólk getur tilkynnt atvik sem koma upp á mótum.*
7. Önnur mál
- a. Skipun fulltrúa stjórnar í starfshóp um Íslandsmót í gæðingakeppni  
Sóley Margeirsdóttir
  - b. GDLH biður um fund með stjórn LH um stöðu Gæðingakeppninnar  
Siguroddi, Sóley og Guðna falið að funda með stjórn GDLH.

*Fundi slitið kl. 16.43*